

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Biskupstungnahreppi árið 1999.

1. gr.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1999 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðarhús	Kr. 4.500
Sumarhús	Kr. 3.000
Lögbýli og smárekstur	Kr. 10.000

Stærri fyrirtæki sem hafa gám hjá sér borga grunnjald kr. 10.000 en við það gjald bætist síðan kostnaður vegna gámaflutninga og innvegins úrgangs sem er umfram það sem fellur til að jafnaði á lögbýlum og við smárekstur. Það gjald innheimtist eftir á í samræmi við fyrirbyggjandi kostnað.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Biskupstungnahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmalasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 147 17. febrúar 1999, sem hér segir:

- F Frjálslyndi flokkurinn.
- S Samfylkingin.
- U Vinstrihreyfingin - grænt framboð.
- Z Anarkistar á Íslandi.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmalasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf sem hér segir:

- K Kristilegi lýðræðisflokkurinn.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. mars 1999.

Dorsteinn Pálsson.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis Flosa hf. að Svínafelli 1, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 5. nóvember 1998, samþykkt deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis Flosa hf., kt. 710883-0259, að Svínafelli 1, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið, sem unnið er af Árna Friðrikssyni, arkitekt hjá Arkitektum Skógarhlíð, Skógarhlíð 18, Reykjavík og dagsett er 30. september 1998 gerir ráð fyrir byggingu lítilla svefnskála ásamt þjónustuhúsi þeim tengdu.

Skipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 4. janúar 1999 til 15. febrúar 1999. Engar athugasemdir bárust. Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 26. mars 1999.

Byggingarfulltrúi Austur-Skaftafellssýslu,
Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.